

## Tillaga frá Borgarsögusafni Reykjavíkur til menningar- og íþróttaráðs, varðandi teinæringinn Örninn

---

### Inngangur

Örn og Hrafn eru Árfjarðarteinæringar, sem er hefðbundin norsk bátsgerð. Árið 1973 tók sig saman hópur áhugafólks og lét smíða tvo slíka báta eftir myndum og öðrum upplýsingum. Bátunum var siglt til Íslands sumarið 1974. Þeir voru síðan færðir Íslendingum að gjöf. Tilgangurinn með gjöfinni var að minna á sameiginlegan skipasmíðaarf Norðurlanda og hvernig hægt væri að nýta vistvæna orku til ferðalaga. Hrafn er varðveittur í Safnahúsinu á Húsavík og er þar til sýnis. Strax eftir móttöku Arnarins upphófst í Reykjavík nokkur vandræðagangur út af því hvað ætti að gera við hann - og er sú saga orðin æði löng.

### Samantekt\*

- 1974 var Erninum siglt frá Noregi til Íslands ásamt Hrafn og gefinn Reykjavíkurborg við hátíðlega athöfn.
- 1975 fékk Brokey Örninn til umsjónar og hann var settur niður í Nauthólsvík, en um haustið er hann illa frágenginn við aðstöðu félagsins.
- 1976 var Örninn dubbaður upp sem víkingaskip til að minna á landafundi Leifs heppna í hópsiglingu upp Hudson-fljót á 200 ára sjálfstæðisafmæli Bandaríkjanna.
- 1976 til 1979 virðist hann hafa verið vel geymdur undir sérsniðnu segli í porti Eimskipafélagsins
- 1979 til 1982 var honum siglt ötullega og vel við haldið af sjóskátafélaginu Klýfi í Reykjavík sem fengu styrki til viðgerða á bátnum.
- 1983 voru Örn og Hrafn notaðir í upphafsatriði myndarinnar *Hrafninn flýgur*.
- 1983 komið í vörslu Árbæjarsafns.
- 1985 fauk Örn af stokkunum við Korpúlfsstaði og skemmdist mikið.
- 1987 var hann notaður sem leikmynd í kvikmyndinni *Í skugga hrafnsins* eftir Hrafn Gunnlaugsson ásamt Hrafn. Bátarnir léku stórt hlutverk í myndinni og fóru á Hjalteyri og Jökulsárlón.
- 1990 var Örninn notaður við tókur á *Hvíta víkingnum* og siglt þá úti fyrir Straumsvík og við Hafnarfjörð. Sams konar bátur var notaður við tókur í Noregi.
- 1991 var Örninn notaður sem leikmynd í kvikmynd Kristínar Jóhannesdóttur, *Svo á jörðu sem á himni* (og til að kynna útihátíð í Húnaveri að frumkvæði Jakobs Magnússonar)
- 1992 sigldi Örninn enn á Úlfjótsvatni á skátamóti um verslunarmannahelgina.
- 1995 var Örninn kominn í geymslu á Árbæjarsafni
- 2006 var hann fluttur til Reykjanesbæjar skv. samningi og átti að sinna viðgerð á honum þar, af hendi Gunnars Marels Hinrikssonar, bátasmiðs.
- 2009 fauk Örninn aftur og skemmdist. Stefnið háa brotnaði. Báturinn lá á hvolfi um nokkurt skeið eftir það.
- 2013 falaðist siglingaklúbburinn Brokey eftir að fá Örninn til viðgerða og afnota og fengu til þess styrk. Það gekk ekki eftir, þar hann var metinn óviðgerðarhæfur.
- 2016 var Erninum komið fyrir í geymslu Faxaflóahafna við Korngarða.
- 2023 Rýma þarf húsnaði Faxaflóahafna við Korngarða og Örninn þarf að fara þaðan út. Því þarf að taka ákvörðun um framhaldið.

\*Inngangur og samantekt byggir á samantekt og minnisblaði til Minjasafns Reykjavíkur, forsvarsmenn siglingaklúbbsins Brokeyjar unnu í tengslum við hugmyndir að gera við bátinn.

## **Tillaga Borgarsögusafns Reykjavíkur:**

Ástand Arnarins er metið þannig að hann er ekki talinn viðgerðarhæfur. Hann er ekki skráður sem safngripur og menningarsögulegt gildi hans er afar takmarkað, að mati sérfræðinga á þessu sviði. Það felst fyrst og fremst í því að hann var gjöf til borgarinnar og ekki er vitað um neinar kvaðir í því sambandi.

Rætt hefur verið við ýmsa fagaðila innan minjavörslunnar, m.a. fyrrum forstöðukonu Árbæjarsafns, fyrrum þjóðminjavörð og jafnframt við forstöðukonu safnsins á Húsavík, þar sem hinn báturinn er varðveittur (þ.e.a.s. Hrafninn). Þá var rætt við Hafliða Aðalsteinsson, einn fremsta bátasmið okkar Íslendinga. Öll eru þau á sama máli: Sögulega séð er varðveislugildið lítið sem ekkert, nefna má að kjölur og bönd eru úr límtré sem er afar illa farið og ástandið er þannig að báturinn er ekki talinn viðgerðarhæfur.

Það sýndi sig m.a. þegar Byggðasafni Reykjanesbæjar (í samstarfi við Gunnar Marel Hinriksson, sem smíðaði og sigldi víkingaskipinu Íslendingi) og síðar siglingaklúbbum Brokey var boðið að fá bátinn til viðgerðar á sínum tíma, en þessir aðilar skoðuðu málið í kjölinn, í orðsins fyllstu merkingu og treystu sér ekki til að gera við hann, þrátt fyrir styrki og var bátnum því skilað. Ætla má að alger endursmíði báts af þessi stærð, eða eftir teikningum frá Noregi, myndi kosta rúmlega 20 mkr. og er það varlega áætlað.

Örninn hefur vissulega gengt ýmsu hlutverki, sem sjá má af hálftrar aldar sögu hans, en nú er komið að leiðarlokum. Að mati Borgarsögusafns, að höfðu samráði við fagaðila, er ekki talið forsvaranlegt að fjárfesta í kostnaðarsömum viðgerðum á Erninum og ekki talin ástæða til að varðveita hann með tilheyrandi kostnaði. Lagt er til að Erninum verði fargað.

Guðbrandur Benediktsson safnstjóri